

Ályktanir aðalfundar BSRB 19. nóvember 2004

Ályktun um lög á kennara

Aðalfundur BSRB mótmælir harðlega lögum sem sett voru á kjaradeilu kennara og sveitarfélaga en lýsir jafnframt ánægju yfir því að Kennarasamband Íslands hafi ákveðið að ganga til samninga í stað þess að lúta vilja ríkisvaldsins um að hlíta niðurstöðum gerðardóms. Í kennaraverkfallinu hefur verið tekist á um laun og kjör kennara. Deilan endurspeglar þjóðfélagsátök um skiptingu verðmætanna í samfélaginu og framtíð velferðarþjónustunnar.

Ályktun um launaleynd

Allt bendir til þess að launaleynd sé að færast í aukana hjá ríki og sveitarfélögum. Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem gerð var á vegum Hasla (Hagrannsóknastofnunar samtaka launafólks í almannþjónustu) kemur fram að tæpur helmingur aðspurðra starfsmanna segja að launaleynd tíðkist á sínum vinnustað. Þetta stenst ekki landslög því samkvæmt upplýsingalögum ber að upplýsa um öll föst launakjör á opinberum vinnustöðum. Aðalfundur BSRB mótmælir launaleynd og bendir á að misrétti þrífst í skjóli hennar.

Álykun um auglýsingar starfa

Aðalfundur BSRB vekur athygli á að það færist í vöxt að ráðið sé í störf hjá hinu opinbera án þess að þau séu auglýst laus til umsóknar. Ekki síst á þetta við hjá embættismönnum. Mörg dæmi eru þess að undanförunu að embættismönnum sé skákað inn á nýjan starfsvettvang án þess að stöður þeirra séu auglýstar. Slíkt stríðir gegn lögum um réttindi og skyldur. Samkvæmt almennri reglu laganna skal auglýsa störf þótt heimilt sé í undantekningartilvikum að færa menn á milli starfa án auglýsingar. Aðalfundur BSRB leggur áherslu á að undantekningareglan verði ekki gerð að meginreglu.

Ályktun um niðurskurð á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Aðalfundur BSRB varar mjög alvarlega við því að þrengt sé að heilbrigðisþjónustunni. Sú aðför sem gerð var að Landspítala háskólasjúkrahúsi fyrir á árinu hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og er frekari niðurskurðaráformum sem boðuð eru með fjárlögum næsta árs harðlega mótmælt. Niðurskurður á Landspítala háskólasjúkrahúsi og öðrum heilbrigðisstofnunum landsins er greinlega gerður með það fyrir augum að knýja fram einkavæðingu. Sú starfsemi sem er skorin niður er síðan sett á laggirnar að nýju á markaðsforsendum. Margsannað er hins vegar að markaðsvæðing heilbrigðisþjónustunnar er mun dýrari kostur en samfélagslega rekin þjónusta og auk þess ávísun á mismunun þegnanna.

Ályktun um kynbundinn launamun

Aðalfundur BSRB minnir á að kynbundinn launamunur er lögbrot. Í könnun Félagsvísindastofnunar HÍ fyrir Hasla kemur fram að svokallaður leiðréttur kynbundinn launamunur fyrir grunnlaun nemur 7% körlum í hag. Sé litið til heildarlauna nemur þessi munur að jafnaði 17%. Hvetur BSRB viðsemjendur sína til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að leiðrétta kynbundinn launamun.